

Ed.

307. Frumvarp

til laga um loftferðir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða stjórnarfrumvarpinu á þskj. 12, með þessum breytingum:

21. gr. hljóðar svo:

Staði þá, sem notaðir eru til landinga fyrir loftför og eru opnir til almennra afnota og til þess gerðir, og staði þá, sem notaðir eru til flugsýninga eða venjulega eru notaðir til hringflugs, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið látið taka til fastra landingarstaða, ef um er beðið. Aðra staði, sem notaðir eru til flugferða, getur ráðuneytið sömuleiðis tekið til afnota fyrir flugferðir, ef það telur, að þeir geti orðið að gagni fyrir almennar, reglubundnar flugferðir um landið.

Ráðuneytið ákveður, með hverjum skilyrðum slíkir staðir skuli notaðir til landinga. Ef breyting verður á einhverjum þeim skilyrðum, sem sett voru

til þess að nota slíka staði til lendinga, ber eiganda staðarins að tilkynna það atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, og ákveður ráðuneytið þá, hvort staðurinn verði framvegis notaður til lendinga.

22. gr. hljóðar svo:

Fyrirtæki þau, sem gera sjer að atvinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa til þess leyfi frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Ráðuneytið veitir leyfi þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 20 ára. Leyfi ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru til þess að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli, er fullnægir öryggiskröfum alþjóðar.

Leyfi þetta veitist Flugfjelagi Íslands h/f til 20 ára frá því er lög þessi ganga í gildi, með því skilyrði, að fjelagið komi á reglubundnum loftferðum á Íslandi. Fjelagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur fjelög um loftferðir milli landa.

23. gr. hljóðar svo:

Leyfi skal bundið því skilyrði, að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið fallist á fargjöld þau fyrir fólk og varning og sömuleiðis flutningaskilmála og vinnubrögð, er loftferðafyrirtækið hefir sett.

36. gr. hljóðar svo:

Loftför, fluglið, farþegar og farmur hlíta íslenskum lögum og reglugerðum þeim, er á hverjum tíma gilda um loftferðir, tolla, gjöld og flutninga á fólki og farangri.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt, til þess að greiða fyrir flugsamgöngum á Íslandi, að undanþiggja innflutningsgjaldi flugvjarlar, varahluta, hreyfla og áhöld, sem eingöngu eru notuð til rekstrar flugvjela.